

94
6. nóv.

SAMÞYKKT

um

sýsluvegasjóð Vestur-Húnavatnssýslu.

1. gr.

Með samþykkt þessari, er stofnaður sýsluvegasjóður Vestur-Húnavatnssýslu, og skal úr honum greiða kostnað við vegabætur og vegaviðhald, sem að lögum hvíla á sýslufélögum.

2. gr.

Sýsluvegir eru þessir:

1. *Hrútafjarðarhálsvegur*, af þjóðveginum hjá Brandagili, austur yfir hálsinn á eyrarnar hjá Húki.
2. *Hrútafjarðarvegur*, af þjóðveginum fyrir ofan Reykjastapa að hreppamörkum milli Tannstaða og Mýra.
3. *Vestursíðuvegur*, af þjóðveginum fyrir utan og ofan Staðarbakka um brú á Vesturá að Efra-Núpi.
4. *Austursíðuvegur*, af þjóðveginum hjá Saurum fram Austursíðu um brýr á Urriðaá og Austurá og fram í Austurárdal, móts við Skára- staði.
5. *Hreggstaðanesvegur*, af þjóðveginum fyrir utan og ofan Melstað að Söndum.
6. *Vatnsnesvegur*, frá læknisbústaðnum á Hvammstanga um kaupúnið eins og áður er ákveðið og út Vatnsnes vestanvert um brú á Hamarsá að Bergstöðum.
7. *Vesturhópsvegur*, frá þjóðveginum frá Vatnshorni út Vesturhóp og Vatnsnes, austanvert að Hindisvík.
8. *Víðidalsvegur*, af þjóðveginum fyrir sunnan Deildarhól um brú á Fitjaá yfir Víðidalsá hjá Víðidalstungu.
9. *Frambæjavegur*, af þjóðveginum fyrir sunnan Stórhól að Fitjaá fyrir neðan Hrísa.

3. gr.

Í sýsluvegasjóð skal árlega greiða vegaskatt af öllum skattskyldum fasteignum í sýslunni, sem greiðist á manntalsþingi af ábúanda hvefjar jarðar, en af eiganda hvefjar lóðar eða húseignar í kaupúnum. Þó er hreppsfélögum heimilt að greiða skatt þennan úr sveitarsjóði, sé það samþykkt með meiri hluta atkvæða á lögmatum sveitarfundi, og sé tilkynning þar um komin til sýslumanns fyrir 1. apríl.

Sýslunefndin ákveður fyrir eitt ár í senn, hve hár skatturinn **94** skuli vera. Má hann ekki vera lægri en $1,5^0/00$ af verði skattskyldra fast-6. nóv. eigna eftir fasteignamati, og ekki hærri en $6^0/00$, nema samþykki atvinnu- málaráðherra komi til í hvert sinn. Skal skatturinn miðaður við áætluð gjöld til vegabóta, að viðbætti eyðslu umfram áætlun undanfarin ár, en að frádrögnum áætluðu tillagi vegafélaga, hreppsfélaga og ríkissjóðs.

Með gjöldum til vegabóta teljast vextir og afborganir af lánum til vegabóta, enda hafi ráðherra samþykkt lánskjörin, að fengnum tillögum vegamálastjóra.

4. gr.

Jafnhátt hundraðsgjald skal lagt á alla hreppa sýslunnar.

5. gr.

Undanskildar vegaskatti eru kirkjur allar, skólahús, sjúkrahús og þinghús.

6. gr.

Allir sýsluvegir skulu á kostnað sýsluvegasjóðs gerðir akfærir, svo fljótt sem ástæður leyfa.

7. gr.

Sýslunefndin hefir á hendi alla stjórn sýsluvegasjóðsins og yfirmumsjón með vegagerðum og viðhaldi þeirra, enda er henni skylt að hlíta tillögum vegamálastjóra um skipun verkstjóra.

8. gr.

Oddviti sýslunefndar semur árlega reikning sýsluvegasjóðs. Skal reikningur undanfarins árs lagður fram á sýslufundi til samþykktar, og gilda þar um sömu reglur og sýslusjóðsreikninginn. Á sýslufundi skal semja áætlun um tekjur og gjöld sýsluvegasjóðs yfirstandandi ár. Afrit af sýsluvegasjóðsreikningnum, ásamt áætluninni, skal oddviti sýslunefndar senda vegamálastjóra að afstöðnum sýslufundi.

9. gr.

Sýsluvegasjóðurinn skal fá tillög úr ríkissjóði eftir því, sem ákveðið er í 8. gr. laga nr. 10, 20. júní 1923, og lögum nr. 28, 31. maí 1927.

10. gr.

Umsjón með vegagerðum og viðhaldi þeirra er falin stjórn vegafélags á þeim svæðum, er þau ná yfir. Annars hlutaðeigandi hreppsnefnd, eftir samráði við vegamálastjóra.

94
6. nóv.

11. gr.

Gjöldum samkvæmt samþykkt þessari fylgir lögtaksréttur.

12. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða allt að 200 króna sektum, er renna í sýsluvegasjóð, og fer með mál út af slíkum brotum, sem almenn lögreglumál.

13. gr.

Með samþykkt þessari eru felld úr gildi öll eldri ákvæði um sýsluvegi, er koma í bág við samþykkt þessa.

14. gr.

Á samþykkt þessari skal leita staðfestingar atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu hefir samið og samþykkt, samkvæmt lögum nr. 10, 20. júní 1923, staðfestist hérmeð til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 6. nóvember 1929.

Tryggvi Þórhallsson.

Páll Pálmason.

95
13. nóv.

S A M Þ Y K K T

um

starfsvið og laun bæjarstjórans á Seyðisfirði.

1. gr.

Bæjarstjórnin kýs bæjarstjóra eftir hverjar almennar bæjarstjórnarkosningar, og er kjörtími hans hinn sami og kjörtímabil bæjarfulltrúa.

2. gr.

Bæjarstjóri á sæti í bæjarstjórn og hefir þar óbundið málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hefir hann því aðeins, að hann sé bæjarfulltrúi.